

## L Ö G

79

2. des.

um breyting á ábúðarlögum, nr. 8 5. febrúar 1951.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú vanrækir landsdrottinn, að dómi úttektarmanna, að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara um nauðsynleg jarðarhús, og skal hann þá verða við beiðni leiguliða um veðleyfi fyrir láni í Byggingarsjóði eða Ræktunarsjóði Íslands til nauðsynlegra bygginga á jörðinni. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt þess, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tæki með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar.

Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu.

## 2. gr.

Í stað „kr. 3000.00“ í 54. gr. laganna komi: kr. 6000.00.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## AUGLÝSING

80

um breytingar á viðskiptasamkomulagi við Pólland.

6. des.

Hinn 10. apríl 1952 var gert samkomulag í Oslo um nokkrar breytingar á viðskiptasamkomulagi því milli Íslands og Póllands, er var undirritað í Varsjá 14. desember 1951 (Stj.tíð. 1951, A., nr. 123). Samkomulag þetta var síðar staðfest með skeytaskiptum milli ríkisstjórna Íslands og Póllands (í maí 1951). Helztu breytingar voru þær, að fiskimjölskvóti íslenzka vörulistans var minnkaður niður í 500 smál., og minnkaður var kolakvótinn á pólska vörulistanum.

Samtímis var gert samkomulag um nokkra verðlækkun á pólskum kolum og einnig um breytingu á greiðslusamningi Íslands og Póllands.

Hinn 19. ágúst 1952 var undirritað í Varsjá samkomulag um nokkrar frekari breytingar á vörulistunum fyrir 1952. Samtímis var gerður sölusamningur um 1500

80 smálestir af saltaðri Faxasíld, og einnig samið um breytingu á greiðslusamningi 8. des. Íslands og Póllands.

*Utanríkisráðuneytið, hinn 6. desember 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

81

8. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

82

8. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.